

Ed.

477. Breytingartillögur

[169. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Aftan við 59. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálma við akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (2. gr.) Við 8. málsg. 60. gr. laganna bætist:
Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann létts bifhjóls.
 - b. (3. gr.) Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist:
Vanræksla á notkun hlífðarhjálms, sbr. 4. mgr. 59. gr. og 8. mgr. 60. gr., leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.
3. Við 2. gr. (verður 4. gr.). Greinin orðist svo:
Breytingar þessar á umferðarlögum taka gildi 1. jan. 1978.